



Mættir: Auður Birta, Ingimar Eydal, Ingunn Ósk og Linda Eygló

1. Á þennan fund mættu 6 foreldrar og náðum 3 nýjum í stjórn; Ásta Júlía Ingibjörnsdóttir, Oddný Ragna Pálmadóttir sem eru varamenn og Konráð Logi Fossdal sem er nú titlaður varaformaður foreldrafélagsins. Linda Eygló er hætt í foreldrafélaginu þannig eftir eru 5 í stjórn og tveir varamenn.
2. Við viljum endilega virkja bekkjarfulltrúanna í lið með okkur í stjórninni og munu þau vonandi funda með stjórninni. 1 sinni til 2 á önn eða oftari ef þess þarf og skipt verkum á fleiri og meiri tenging í bekkina.
2. Rætt var smá um vinnustofurnar og hvað við vorum að gera þar varðandi faraældasáttmálann. Sýndum það sem við unnum.
3. Sá sem er með opna húsið hefur óskað mikið eftir því að hafa betri gæslu fyrir utan Giljaskóla þegar opið hús er og böll og annað. Setja foreldraröltið aftur almennilega í gang og vera sýnileg fyrir börnin okkar
4. Rætt var um í hvað sjóðurinn fór í yfir árið sem dæmi: Leikhópurinn lotta, boltar, gjöf til bókasafnsins, peningagjöf til 1. bekkjar, vorgjöf til allra bekkjana til að gera eitthvað skemmtilegt, peningastyrkur til 10 bekkjar.
Það sem eftir stendur á reikningi er 98.556 kr.
5. Félagsgjöld eru þau sömu og í fyrra og koma þau fljótlega í heimabanka.
6. Rætt var um hvað allir voru ánægðir með þegar samtökin 78 komu og héldu fund.
7. Kom í ljós að það eru engar reglur inn á Giljaskóla síðunni um foreldrafélagið bara hlutverk. Spurning um að skoða það eitthvað.
8. Það kom fyrirspurn um hvort væri hægt að kaupa almennilegt rafmagnspíanó og finna gott rými fyrir að nemendur til að geta æft sig með tónlistarkennaranum sínum í skólanum og svo er hægt að nota það við fleiri aðstæður.

Fundaritari: Auður Birta Birgisdóttir